

## Umræðuskjal fyrir vinnu í málstofu um atvinnu-, umhverfis- og menntamál

### Drög að stefnu ASÍ í umhverfismálum

#### Inngangur

Hér er kynnt drög að stefnu Alþýðusambands Íslands í umhverfis- og loftslagsmálum, sem unnin var af umhverfisnefnd ASÍ veturinn 2009 – 2010. Í vinnunni var víða leitað fanga.

Um er að ræða fyrsta skrefið í því að móta heildsteypta stefnu í umhverfismálum og ljóst að það tekur lengri tíma en einn vetur að móta stefnu fyrir svo viðamikinn málaflokk. Stefnan er lifandi plagg sem ekki er nægt að njörva niður eitt skipti fyrir öll, heldur tekur hún breytingum með tíma og þróun samfélagsins.

Af hverju ætti Alþýðusambandið að móta sér stefnu í umhverfismálum?

Mikilvægt er að ASÍ setji fram sína framtíðarsýn og áherslur í umhverfismálum, þannig að það liggi fyrir hvert við viljum stefna. Umhverfismál fjalla um áhrif mannsins og athafna hans á umhverfið, landið, loftið, vatnið og aðrar lífverur. Umhverfismál fjalla um nýtingu og verndun náttúruauðlinda og hvernig við um göngumst umhverfi okkar. Aðgerðir okkar í dag hafa áhrif lífskjör komandi kynslóða og á möguleika þeirra til af afla sér lífsviðurværis. Einnig geta aðgerðir okkar hér á Íslandi haft áhrif á lífskjör íbúa í öðrum löndum. Hlýnun jarðar af mannavöldum er gott dæmi um hnattræn áhrif aðgerða mannsins. Leiðarljós ASÍ í gegnum tíðina hefur verið jafnrétti og jöfn tækifæri. Hér er átti við jafnrétti á milli kynslóða og jafnrétti á meðal einstaklinga og þjóða. Umhverfismál eru mál sem eru ekki aðeins bundin við einstök ríki, þau fjalla um mál sem eru hnattræn svo sem hlýnun jarðar. Í þessu felst að skammtímasjónarmið eiga ekki að rýra velferð komandi kynslóða né möguleika þeirra til að afla sér lífsviðurværis. Jafnframt eiga aðgerðir okkar Íslendinga ekki að rýna kjör annarra þjóða eða dragi úr möguleikum þeirra til að bæta kjör þegna sinna.

#### Öflugt atvinnulíf á sjálfbærum grunni

... var yfirskrift á ályktun ársfundar ASÍ 2009 um atvinnumál. Hvað er átt við með sjálfbærni eða sjálfbærri þróun? Sjálfbær þróun er skilgreind sem þróun sem fullnægir þörfum samtíðarinnar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að fullnægu þörfum sínum. Í þessu felst að komandi kynslóðir eiga sama rétt og núverandi kynslóðir til að njóta gæða jarðarinnar og jafnframt eiga þróunarríkin rétt á að bæta lífskjör sinna þjóða.. ASÍ leggur kapp á að byggja upp sjálfbært samfélag þar sem velferð okkar í daga rýrir ekki velferð komandi kynslóða né takmarkar möguleika þróunar ríkja til að auka velferð sína. **Jafnrétti og jöfn tækifæri á öllum sviðum samfélagsins er einn af** lykilþáttum verkalyðsbaráttu.

## Auðlindir

Ísland er ríkt af náttúruauðlindum. Hagkvæmt nýting og verndun þeirra er hornsteinn að öflugum og fjölbreyttu atvinnulífi hér á landi og áframhaldandi búsetu. Það skipti máli hvernig við göngum um náttúruauðlindir hvort sem það eru orkuauðlindir í iðrum jarðar eða loftið sem við öndum að okkur. Allar aðgerðir hafa áhrif á umhverfið þar með áhrif á líf okkar, lífskjör og afkomu á ýmsa vegu þar á meðal atvinnumöguleika, störf koma til með að hverfa og önnur koma í staðin. Við getum reynt að hafa áhrif á hegðun okkar og þar með haft áhrif á breytingar í umhverfinu. Umhverfisstefna ASÍ þarf að taka tillit til þessara þátta. Ef rétt er að málum staðið eykst velferð og fjölmörg ný atvinnutækifæri skapast. Þrátt fyrir allar breytingar og nýjar áherslur er það hlutverk verkálýðshreyfingarinnar að standa vörð um þau réttindi og lífskjör sem þegar hafa fengist en um .eið að tryggja að kjör launafólks batni við nýjar áherslur í efnahags- og atvinnulífinu.

Við Íslendingar byggjum afkomu okkar á nýtingu náttúruauðlinda. Sjálfbær nýting náttúruauðlinda stendur okkur því nær en þjóðum sem lifa ekki með jafn beinum hætti á gæðum lands og sjávar. Vaxandi togstreita er á milli öndverða skoðana um verndun og nýtingu auðlinda. Sömu auðlindina má nýta með mismunandi hætti en þó ekki alltaf á sama tíma. Nærtækast er að nefna hvalveiða og hvalaskoðun. Með vaxandi ferðamanna iðnaði eykst krafan um verndun sérstakrar náttúru landsins en með aukinni náttúruvernd rýrna möguleikar til annarra nýtinga eins og virkjana. Nauðsynlegt er að finna jafnvægi þar á milli og sammælast um það hvert við viljum stefna. Mikilvægt er að langtímasjónar mið víki ekki fyrir skammtíma sjónarmiðum.

(Eftir farandi kafli um verndun og nýtingu náttúruauðlinda er tekið úr atvinnustefnu ASÍ samþykkttri í miðstjórn ASÍ 16. maí 2007)

### „Nýting og vernd náttúruauðlinda

Til náttúruauðlinda í eigu þjóðarinnar teljast m.a. nytjastofnar á Íslandsmiðum, auðlindir á /í /eða undir hafsbotninum (utan netalaga) svo og náttúruauðlindir í þjóðlendum. Á grundvelli stefnu um nýtingu og verndun náttúruauðlinda geta stjórnvöld veitt heimild til nýtingar á auðlindum sem eru í eigu þjóðarinnar gegn gjaldi að því tilskyldu að nýtingarrétturinn sé tímabundinn eða að honum megi breyta. Við útgáfu nýtingarleyfa á auðlindum sem eru í eigu þjóðarinnar skal m.a. hafa eftirfarandi að leiðarljósi:

Leyfin skulu veitt á grundvelli hlutlægra viðmiðana sem gerð eru opinber í auglýsingum.

Setja skal ströng skilyrði fyrir veitingu leyfanna, m.a. um að áætlanir um rannsóknir og nýtingu séu í samræmi við stefnu um nýtingu og vernd auðlinda, að þær uppfylli kröfur um umhverfismat og skipulag og gangi ekki gegn reglum um réttindi launafólks, laun og vinnuvernd.

Gegn leyfum komi endurgjald; í fyrsta lagi vegna kostnaðar ríkisins af rannsóknum og eftirliti með nýtingu auðlinda (þjónustugjald); í öðru lagi til að tryggja þjóðinni hlutdeild í umframarði sem nýting auðlinda í þjóðareign skapar (auðlindagjald); og í þriðja lagi, þar sem það á við, til að tryggja hagkvæma nýtingu (umhverfisskattur).

Gæta ber hófs við beitingu eignarnámsheimilda og tryggt verður að vera að efnisleg skilyrði um almannaþörf sem og öll formleg skilyrði séu uppfyllt.

### *Landbúnaður*

Verulegar framfarir hafa orðið í landbúnaði á síðustu árum. Framboð menntunar í greininni hefur aukist og ýmiss konar hagræðing og nýsköpun átt sér stað. Miklir möguleikar eru fyrir áframhaldandi þróun landbúnaðar og matvælaíðnaðar í landinu, t.d. með markaðsstarfi á grundvelli ímyndar um hreinleika og hollustu. Til að losa sem best um þessa sköpunarkrafta þarf að endurskoða núverandi styrkjakerfi í landbúnaði. Stefna ber að umbreytingu úr tollvernd, framleiðslutengdum styrkjum og opinberri verðlagningu yfir í beinar óframleiðslutengdar greiðslur í samræmi við viðmið ASÍ um aðlögun vegna atvinnuþróunar (sbr. kafli hér að framan um aðlögun).

### *Sjávarútvegur*

Núverandi afskipti af sjávarútvegi (kvótakerfið) stuðlar í meginatriðum að hagkvæmri sókn í leyfilegan heildarkvóta. Stjórnvöld fara með eignarréttinn yfir auðlindinni í umboði þjóðarinnar. Þetta þýðir m.a. að þeim ber að ákveða heildarkvóta út frá vísindalegum niðurstöðum um afkomu stofna.

### *Orkunýting*

Núverandi opinber afskipti af uppbyggingu orkuiðnaðar eru um of handahófskennd. Það er sjálfsgagt að nýta þá vatnsorku og jarðhita sem landsmenn eiga til uppbyggingar á samkeppnishæfu atvinnulífi. Það væri hins vegar óskynsamlegt að veita leyfi fyrir frekari nýtingu áður en stefna um nýtingu og verndun auðlinda liggur fyrir“.

### **Hlýnun jarðar - loftslagsbreytingar**

Eitt brýnasta verkefnið sem við stöndum nú frammi fyrir í dag er að sporna við og draga loftslagsbreytingum. Aðstæður hér á landi eru að mörgu leyti frábrugðnar því sem gerist í iðnvæddum og þéttbýlum ríkjum og áherslur í umhverfismálum því aðrar. Sem dæmi má nefna að Íslendingar nýta endurnýjanlegar orkulindir í mun meira mæli en flestar aðrar þjóðir heims og höfum því ekki sömu tækifæri til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda eins og þær sem nýta sér kol- eða olíu til orkuframleiðslu. En við getum lagt ýmislegt annað af mörkum í baráttunni við hlýnun jarðar. Sem dæmi má nefna bindingu kolefnis úr andrúmslofti með skógrækt og landgræðslu. **(Er ekki rétt að undirbúa sérstaka stefnu í sambandi við loftslagsbreytingar.?)**

### **Fræðsla og upplýsingar**

#### *Áherslur*

Öflug og markviss fræðsla og kynning á mikilvægi vistvæns lífsstíls s.s. samgöngur og innkaup er lykillinn að almennri þátttöku fólks í að takast á við breyttar aðstæður þar sem sjálfbærni og umhverfisvitund er höfð að leiðarljósið.

Með aukinni umhverfis- og neytendavitund er hægt að efla sjálfbærar neysluvenjur og vinna að markvissum fyrirbyggjandi aðgerðum í nærumhverfinu s.s. flokkun sorps.

Alþýðusambandið leggur ríka áherslu á að efla umhverfis- og neytendafræðslu á öllum skólastigum og á vinnumarkaði.

#### *Leiðir*

- Efla fræðslu í samvinnu við ríki, sveitarfélög og aðila vinnumarkaðarins
- Efla kynningu á umhverfis- og neytendavitund í samvinnu við aðildarfélög ASÍ
- Boðið verði upp á hagnýt námsskeið og kynningarefni fyrir talsmenn aðildarfélaga ASÍ
- Efla fræðslu varðandi vottun og staðla fyrir vöru sem er framleidd á umhverfisvænan hátt
- Styðja við rannsóknir og nýsköpun sem stuðla að **sjálfbærri lífsferilshugsun**

### **Samgöngur og betri orkunýting/Umhverfisvænar samgöngulausnir**

#### *Áherslur*

Orkusparnaður er mikilvægur þáttur í baráttunni við loftslagsbreytingar. Breytt neyslumunstur og breyttir framleiðsluhættir eru nauðsynlegir til að sigrast á þeim áskorunum sem loftslagsvandinn leiðir af sér

Samgöngur valda næstum fjórðungi losunar gróðurhúsalofttegunda. Sjálfbær þróun í samgöngum með ríka áherslu á vistvænar sameiginlegar samgöngulausnir eru óumflýjanlegar.

Mikilvægt er að endurskoða samgöngur á lofti, láði og legi og draga úr notkun jarðefnaeldneysis. Allir verða að taka þátt í endurskoðun og endurskipulagningu. Samngjörn endurskipulagning krefst samvinnu verkalýðshreyfingarinnar, ríkis- og sveitarfélaga auk annarra aðila vinnumarkaðarins.

Áhersla á umhverfisvænar samgöngulausnir er mikilvæg, breyting í átt að frekari rafvæðingu og notkunar vistvænna orkugjafa á bílafлотann er hluti af lausninni.

Alþýðusambandið leggur áherslu á að auka fræðslu og upplýsingar um umhverfisvænar samgöngulausnir – **Hér vantar að leggja áherslur á skip og flug!**

#### *Leiðir*

- Leggja áherslu á vistvænar samgöngulausnir og fækkun bifreiða sem nota jarðefnaeldsneyti
- Efla almenningssamgöngur í þéttbýli
- Efla samstarf verkalýðshreyfingarinnar, ríkis, sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins til að auðvelda innleiðingu vistvænna samgöngutækja.
- Efla rannsóknir og nýsköpun sem varða sjálfbæra orku s.s. sólarsellur.